

## 1070. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný V. Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Eyrún Ingadóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Óskar Kristjánsson, Pálmey H. Gísladóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Stefánsdóttir, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri og Árni Leósson sem ritar fundargerð. Gestir: Emil B. Karlsson frá Rannsóknasetri verslunarinnar, Ólafur Örn Jónsson og Hjörleifur Waage frá Arionbanka.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Farið yfir fundargerð 1069. fundar. Samþykkt og undirrituð.

#### 2. Rannsóknasetur verslunarinnar (kynning)

Emil B. Karlsson forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar á Bifröst var gestur fundarins og lagði hann fram skjalið „*Verkefni Rannsóknaseturs verslunarinnar í nóvember 2011*“ þar sem teknar voru saman lýsingar á helstu rannsóknnum og þjónustuverkefnum sem unnið er að. Sagði hann að verkefnið auki skilning á mikilvægi greinarinnar og eru þau auk þess mikilvæg stjórnþæki. Þeir vilja auk þess efla kennslu á framhalds- og háskólastigi sem tengist verslun og þjónustu – það muni auka fagmennsku í verslun og styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja. Rannsóknarsetrið mælir reglulega mikilvægar vísitölur s.s. smásöluvísitöluna sem m.a. gefur vísendingar um þróun einkaneyslu í landinu. Fastir starfsmenn eru 3 og er setrið rekið sem sjálfstæð rekstrareining innan Háskólans á Bifröst. Veltan er um 30 milljónir kr. árið 2011. Rekstur skiptist þannig: 60% eru sértekjur – 40% föst framlög.

Að lokinni kynningu var Emil þakkað fyrir og vék hann því næst af fundi.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Stefán Einar upp þá tillögu að VR komi að þessu verkefni til næstu 2 ára með framlagi uppá kr. 2.5 milljónir hvort ár með þeim fyrirvara að aðrir styrktaraðilar, sem unnið hafa að verkefnið undanfarin ár, komi að þessu með sama hætti, þ.e. sömu upphæð og VR greiðir og einnig að tryggt sé að ráðuneytið komi einnig að þessu á þessum tveimur árum.

Var tillagan samþykkt með 9 atkvæðum gegn 3.

Ragnar Þór Ingólfsson lagði af þessu tilefni fram eftirfarandi bókun:

„Ég tel að starfsemi RSV hafi lítið með hag VR félaga að gera. Mér finnst óeðlilegt að fjármunum félagsins sé varið til rannsókna í þágu atvinnulífsins.“

Ragnar Þór Ingólfsson“

#### 3. Fjárfestingastefna VR – Niðurstöður könnunar

Ólafur Örn Jónsson og Hjörleifur Waage frá Arionbanka voru gestir

fundarins og fóru þeir yfir niðurstöðu könnunar meðal stjórnarmanna vegna fjárfestingastefnu félagsins. Lögðu þeir fram skjalið „VR- Núverandi umhverfi, viðhorfskönnun stjórnar, fjárfestingarstefna félagsins“ og fóru yfir innihald þess. Í máli þeirra kom m.a. fram að takmarkað framboð sé af fjárfestingarkostum en nokkuð sé til af fjármagni sem leitar ávöxtunar. Mikil óvissa ríkir á heimsmörkuðum þar sem skuldavandamál Evrópu eru enn óleyst. Getur því brugðið til beggja átta og áfram er því gert ráð fyrir talsverðum sveiflum á erlendum verðbréfamörkuðum. Könnunin sem gerð var var nafnlaus og gerð til þess að skapa umræðu um núverandi fjárfestingastefnu VR og til að horfa til framtíðar. Í samantekt eru stjórnarmenn varfærnir og ekki reiðubúnir að taka mikla viðbótaráhættu í fjárfestingum. Núverandi stefna er talin hentug og reiknað er með 2,4% raunávöxtun til eins árs og 3,5% til 5 ára. Samkvæmt ábendingum Arionbanka væri skynsamlegt að miða uppbyggingu stefnu við svipaða uppbyggingu og íslenskir lífeyrissjóðir eru lögbundnir til að gera.

Umræður.

Að loknum umræðum og fyrirspurnum var þeim Ólafi og Hjörleifi þakkað fyrir og véku þeir því næst af fundi.

#### 4. 9 mánaða uppgjör

Helga fór yfir 9 mánaða uppgjör með upplýsingum á skjávarpa. Í grófum dráttum voru rekstrartekjur umfram gjöld 15 milljónir króna. Útgjaldahækkun var en iðgjaldahækkun kom á móti. Tekjur eru 101 milljón kr. en áætlun var kr. 178 milljónir og skýrist munur af fjármagnstekjum. Fór Helga yfir allar helstu tölur, svaraði fyrirspurnum og sagði að lokum að hún teldi þetta vera ásættanlega rekstrarniðurstöðu.

#### 5. Ný regla um aðild atvinnuleitenda að VR

a. Stefán Einar lagði fram skjalið „Regla um réttindaávinnslu atvinnulausra í VR – Stjórnarsamþykkt – Drög“. Þar kom fram uppástunga um að atvinnulausir sem hafi verið fullgildir í VR á síðustu 5 árum geti greitt iðgjöld til VR af atvinnuleysisbótum án þess að vera að koma beint úr VR starfi er þeir hefja töku atvinnuleysisbótageiðslna. Vinni þeir sér svo inn fullan rétt greiði þeir samfellt í 9 mánuði. Vegna þessa þarf að breyta grein 9.3a í Reglugerð Sjúkrasjóðs VR á næsta aðalfundi og voru lögð fram drög að viðeigandi reglugerðarbreytingu. Samþykkt einróma.

b. Stefán Einar tilkynnti að samþykkt hafi verið á vettvangi ASÍ að VR verði stóri aðilinn í tilraunaverkefni um þjónustu við 25% atvinnulausra hjá stéttarfélögum sem samþykkt var í síðasta kjarasamningi.

c. Stefán Einar sagði frá útgáfuverkefninu um bókina „Frá umsókn til atvinnu“ og að búið sé að fara yfir handritið. Lagði hann næst fram skjalið „Minnisblað – útgáfa bókarinnar Frá umsókn til atvinnu“ sem fjallaði um kostnað við útgáfu með aðkomu VR. Heildarkostnaður er kr. 3.350.000 m.v. 2500 útgæfin eintök og er áætlaður útgáfudagur nálægt 1. febrúar

2012.

Umræður.

Samþykkt einróma að fara í þetta verkefni.

Pálmey vék hér af fundi kl. 20:55

d. Stefán Einar óskaði eftir hugmyndum vegna kröfu okkar um atvinnusköpun í auglýsingu. Kynnti hann hugmynd um 2500 prentaða borða sem væru tákn um hvern atvinnulausan VR félagi. Yrði þessu fylgt eftir með auglýsingum.

Samþykkt var að Stefán Einar kanni betur um kostnað og framkvæmd. Framhaldið verður svo ákveðið í tölvupóstsamskiptum milli funda.

## 6. Samskipti stjórnar og nefndarmanna á vegum VR

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Samskipti stjórnar og nefndarmanna á vegum VR*“. Hildur ræddi um skipan í t.d. stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna og að það vanti eftirfylgni um að þeir fylgi stefnu VR en ekki eigin skoðunum og eigi það við aðrar stjórnir og nefndir sem VR skipar í.

Umræður.

Rætt var um að gott væri að fá skýrslur og/eða upplýsandi greinargerðir reglulega frá öllum stjórnunum og nefndum svo hægt sé að fylgjast með málum.

## 7. Í aðdraganda jóla

### a. Jólaaðstoð

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Jólaaðstoð*“ sem voru upplýsingar um samþykktu jólaaðstoð árið 2010. Spurning sé hvort félagssvæðin á landsbyggðinni eigi að fá öll sömu upphæðina vegna þess að fjöldi félagsmanna sé þar mismunandi. Mætti t.d. vera sérstök upphæð per félagsmann?

Rætt um að matarkort Hjálparstofnunar kirkjunnar séu spennandi nýjung – meiri reisn væri yfir því að fá ómerkt debetkort heldur en að þurfa að bíða í biðröð eftir nauðþurftum í poka sem jafnvel væru komin yfir síðasta neysludag.

Umræður.

b. Ákveðið að skoða þetta betur í desember og þegar styrkumsóknir fara að berast með viðeigandi upplýsingum.

### c. Réttindi verslunarfólks í jólaverslun

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Jólaort – Minnisblað*“. Rætt var um að dreifa upplýsingakortum til starfsmanna verslana um réttindi

þeirra í jólavertíðinni – þetta er siður sem hefur legið á milli okkur ár en lagt er til að taka þennan sið upp aftur. Er það uppástunga Stefáns Einarssonar að stjórnin komi að þessari dreifingu núna. Samþykkt að gera þetta.

## 8. Hugmynd að jólaballi

Ingibjörg Ósk ræddi þá hugmynd að halda jólaball. Stefán Einar sagði að kostnaður myndi vera um ein milljón krónur.

Umræður.

Samþykkt að skoða þetta næstu jól og setja á fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

## 9. Styrkbeiðnir

### a. Blóðgjafafélag Íslands

Tekin fyrir styrkbeiðni frá Blóðgjafafélagi Íslands en þeir óska eftir styrk uppá kr. 300 þús vegna fræðsluátaks um blóðgjafir. Samþykkt að greiða kr. 150.000 með 8 atkvæðum gegn 2.

### b. Félag heyrnalausra

Tekin fyrir styrkbeiðni frá Félagi heyrnalausra en þeir óska eftir styrk uppá kr. 800 þús – 1,5 milljónir kr. vegna menntunarsjóðs Félags heyrnalausra. Félagið hefur fengið kr. 1 milljón í styrk fyrir á þessu ári frá VR. Hafnað.

## 10. Trúnaðarmenn

Stefán Einar lagði fram lista yfir kosna trúnaðarmenn:

a. Þórir Helgason	Wurth á Íslandi (e)
b. Valva Árnadóttir	Penninn (e)
c. Benedikt Ólafsson	Penninn (e)
d. Peri Desai	CCP Reykjavík (e)
e. Björk Ólafsdóttir	Applicon ehf (e)
f. Hafdís Emilsdóttir	Flugfélag Íslands (e)
g. Birgir Snær Valsson	Tandur hf (n)
h. Davíð J. Sigurðsson	CCP Reykjavík (n)
i. Sean Conover	CCP Reykjavík (n)
j. Jóna Björt Friðriksdóttir	Lyfja hf. (n)
k. Sigurður J. Brynjarsson	Stilling (n)
l. Harpa Sævarsdóttir	Íshestar (n)

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 23:10

Árni Leósson fundarritari